

Lög

um breytingu á lögum um veiðigjald, nr. 145/2018 (framkvæmd fyrninga).

1. gr.

Í stað 4. málsl. 2. mgr. 5. gr. laganna koma þrír nýir málslíðir, svohljóðandi: Til fasts kostnaðar við fiskveiðar teljast skattalegar fyrningar skipa og skipsbúnaðar. Séu skattalegar fyrningar samtals hærrí en 20% af fyrningargrunni að viðbættum 200 millj. kr. skal ríkisskattstjóri dreifa því sem umfram er á næstu fimm ár. Áætluð vaxtagjöld skulu nema sömu fjárhæð og þær fyrningar sem lagðar eru til grundvallar útreikningi á veiðigjaldi á ári hverju.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 29. nóvember 2022.